

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnes
801 SELFOSS

Garðabær, 18. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0063
LA

Efni: Umsögn um kynningu tillögu á aðalskipulagsbreytingum vegna efnistökusvæðis við Sandártungu í Þjórsárdal.

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 30. maí 2024, þar sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Fyrirhuguð er breyting á landnotkun í Sandártungu í Þjórsárdal þar sem hluta skógræktar- og landgræðslusvæðisins (SL17) verður breytt í efnistökusvæði. Efnið verður unnið úr Búrfellshrauni sem verður sprengt og malað innan svæðisins og aðallega nýtt í breytingar á Þjórsárdalsvegi og grjótvörn fyrir brú yfir Þjórsá. Heimilt verður að taka allt að 200.000 m³ af efni á um 4 ha svæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

- Ekki er æskilegt að opna ný efnistökusvæði innan friðlýstra svæða og nýtt efnistökusvæðið í Sandártungu samræmist ekki friðlýsingaskilmálum um menningarlandslag í Þjórsárdal. Auk þess, eins og fram kemur í greinargerð, gengur breytingin einnig gegn stefnu gildandi aðalskipulags.
- Búrfellshraun er runnið á nútíma og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Fram kemur að engar opnar námur með hentugu efni eru í nálægð framkvæmda-svæðisins, en Náttúrufræðistofnun bendir á að allmargar opnar bergnámur eru í Þjórsárhrauni sem hægt væri að nýta ef vilji er fyrir því að standa vörð um friðlýst menningarlandslag Þjórsárdals.
- Fram kemur að ekki er talið líklegt að árnar, Sandá og Þjórsá, geti flætt inn í efnisnámuna sem verður allt að 6 m djúp. Þetta þarf að rökstyðja betur með tillit til flóðahættu í Þjórsá vegna sérstakra veðurfarsskilyrða (s.s. í janúar 2002) eða vegna umbrota á hálendinu.
- Ekki er gerð grein fyrir afrennsli af efnistökusvæðinu eða hvort hætta stafi af mengun starfseminnar út í Þjórsá.
- Efnistökusvæðið mun breyta landslagi og ásýnd svæðisins.
- Umferð ferðamanna liggur um Þjórsárdalsveg og með uppbyggingu hótels í Rauðukömbum og ferðapjónustusvæði við Selhöfða má reikna með aukinni umferð ferðamanna um þjóðveginn á komandi árum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.



Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

